



**SAMSTARF LEIKSKÓLA**  
— og —  
**MYNDLISTASKÓLA**  
**2007-2008**

## Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Aðdragandi , forsendur og framkvæmd	4
3. Markmið verkefnis	6
4. Myndlistaskólinn og möguleikar hans; hin frjóa deigla	7
5. Leikskólaþrenna	
1. þáttur, kennsla leikskólabarna	10
2. þáttur, endurmenntunardagur	14
3. þáttur, heimsóknir í leikskóla	15
6. Dæmi um verkefni í þróun með kjölfestuskólum	16

## Fylgiskjöl

A. Námsgögn frá endurmenntunardegi

B. Mat á verkefninu

## Inngangur

Skýrsla þessi fjallar um samstarf Myndlistaskólans í Reykjavík og Leikskóla Reykjavíkur. Samstarfsverkefnið sem hér um ræðir var sjálfstætt framhald og útvíkkun á þróunarverkefni sem hófst 1999 með samvinnu Myndlistaskólans í Reykjavík og leikskólans Dvergasteins.

Verkefnið sem unnið var nú er tvíþætt, annars vegar að kalla til fleiri kjölfestuleikskóla í fast samstarf líkt og hafði verið með leikskólanum Dvergasteini, og hins vegar að þróa þjónustuform, “leikskólaþrennu”, sem gæti miðlað til allra annarra leikskóla borgarinnar afurðum af því þróunarstarfi sem fram færi með kjölfestuleikskólunum. Auglýst var eftir þátttökuskólum í verkefnið í gegnum Leikskólasvið Reykjavíkur. Verkefnið hlaut styrk frá Þróunar- sjóði Leikskóla Reykjavíkur.

Í þessari skýrslu er fjallað um aðdraganda og forsendur verkefnisins, markmið, skipulag og vinnuáferðir auk þess sem samspil þessa verkefnis við aðra starfsemi innan Myndlistaskólans og virðisauki sem af því hlýst fær sinn sess.

Hér eru einnig sett fram nokkur dæmi um viðfangsefni sem mótuð hafa verið innan verkefnisins. Skýrslan greinir nokkuð ítarlega frá inntaki verkefnisins og gefur þannig fleirum kost á að nýta sér það starf sem unnið var innan þess. Þá er einnig lagt mat á hvernig til tókst á grunni spurningalista sem lagðir voru fyrir þátttakendur verkefnisins

### Verkefnisstjórar

Hildur Bjarnadóttir, deildarstjóri barna- og unglingadeildar  
Myndlistaskólans í Reykjavík til vors 2007.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, deildarstjóri barna- og unglingadeildar  
Myndlistaskólans í Reykjavík frá 2007.

### Kennarar Myndlistaskólans

Elsa Dóróthea Gísladóttir  
Eygló Harðardóttir  
Gerður Leifsdóttir

Hildigunnur Birgisdóttir  
Sigríður Helga Hauksdóttir  
Kristín Reynisdóttir

### Kjölfestuskólar:

Dvegasteinn  
Gullborg  
Tjarnarborg

### Leikskólar sem tóku þátt í Leikskólaþrennu:

Brekkuborg	Laufásborg
Garðaborg	Njálshöfðaborg
Grandaborg	Sólbakki
Furuborg	

## Aðdragandi, forsendur og framkvæmd

Það þróunarverkefni sem hófst 1999 með samstarfi milli Myndlistaskólans í Reykjavík og leikskólans Dvergasteins fékk fastan sess í starfsemi beggja skólanna og varð þar framhald á eftir að formlegum styrkveitingum lauk. Þar kom til mikil ánægja allra aðila sem að samstarfinu komu, foreldra, barna, kennara og skólastjórnenda.

Eftir að hefð var komin á slíkt samstarf kviknaði sú hugmynd að taka það frumkvöðla-starf sem unnið var í upphafi lengra og nýta sem grunn að víðtækara samstarfi við Leikskóla Reykjavíkur með það að markmiði að fleiri leikskólar fái notið góðs af þeirri reynslu og þekkingu sem fengin var.



Í viðræðum við leikskólaráð um framhald og frekari þróun samstarfsverkefnis kom fram ósk um að verkefnið myndi nýtast öllum leikskólum sem þess óskuðu og væri að hluta sett þannig fram að það fæli í sér nánara samþil milli starfsfólks leikskólanna og Myndlistaskólans og skilaði sér með beinum og skilvirkum hætti inn í daglegt starf þátttökuskólanna.

Í framhaldinu var mótuð samstarfsdagskrá með tvennum hætti. Annars vegar var samstarf sem ætlað var til að mynda frjóan vettvang til áframhaldandi tilrauna og þróun verkefna fyrir leikskólabörn innan Myndlistaskólans. Nauðsynlegt þótti að kalla til fleiri kjölfestuskóla eins og Dvergastein í fast samstarf og fleiri myndlistamenn að verkefninu til að skapa frjótt samspil og samræðu í formi hugmynda, viðfangsefna og aðferða í kennslunni.

Að mati Myndlistaskólans var ákjósanlegast að hafa kjölfestuskólana a.m.k. 3 og sömuleiðis að tryggja aðkomu minnst þriggja kennara til að stuðla að sem mestri virkni og hugmyndalegri gerjun á þessum vettvangi. Markmiðið var að þróa enn frekar kennslu 3-5 ára barna og nýta þennan vettvang til nýsköpunar og þróunar verkefna og kennsluefnis fyrir leikskóla til frekari útbreiðslu. Kjölfestuskólum var boðið að koma með barnahópa í fasta dagskrá einu sinni í hverri viku á hefðbundnu starfsári Myndlistaskólans, samtals 14 vikur á önn.

Hins vegar var mótað samstarfsform sem hefði það hlutverk að miðla uppskeru af því þróunarstarfi sem fram færi með kjölfestuskólunum. Það var sett upp í þremur aðskildum þáttum. Verkefnið fékk nafnið leikskólaþrenna og auglýst var eftir þátttökuskólum.

Í fyrsta hluta verkefnisins komu hópar barna frá þátttökuskólunum í Myndlistaskólann. Þar leiddu myndlistarmenn börnin í gegnum sérstök verkefni mótuð fyrir þrennuna. Hver hópur kom þrisvar sinnum í fylgd sinna leikskólakennara, yrirleitt einu sinni í viku, þrjár vikur samfelld.

Annar þáttur þrennunar fór fram að nokkrum tíma liðnum frá komu barnanna í Myndlistaskólann. Skipulagt var endurmenntunarnámskeið á starfsdegi leikskólanna þar sem allir starfsmenn tóku þátt. Námskeiðið fór fram í Myndlistaskólanum svo öllu starfsfólki leikskólans gæfist færi á að kynnst af eigin raun skapandi og örvandi umhverfi skólans auk þess að fá leiðsögn myndlistakennara í verkefnum sem ýttu undir innleiðslu gilda, verkefna og hugmynda sem fyrsti þáttur þrennunar byggði á.



Þrennunni lauk með heimsókn kennara Myndlistaskólans í leikskólana í samráði við þá. Nokkur tími var látinn líða frá endurmenntinni til að tími gæfist til tilrauna og innleiðslu á leikskólunum sjálfum svo þessi þáttur yrði markvissari og nýttist til eftirfylgni og spurninga sem alltaf vakna þegar “á hólminn er komið”.

Í þessari heimsókn gátu leikskólarnir ýmist kallað eftir ráðgjöf, hugstormun og aðstoð við að undirbúa verkefni, að skoða og fara yfir verkefni sem unnin höfðu verið í kjölfar endurmenntunar, eða að skoða leikskólann sérstaklega með nýtingu á rýmum hans og umhverfi til myndlistarvinnu í huga.

Verkefnið hlaut styrk frá leikskólaráði og fór fram veturna 2007-2008 og 2008-2009.

## Markmið verkefnis

### Markmið með samstarfi myndlistaskóla og leikskóla eru:

- 1) Að veita börnum á leikskólaaldri tækifæri til að vinna með fjölbreyttan og óvæntan efnivið undir leiðsögn listamanna í skapandi umhverfi þar sem lögð er áhersla á sjónræna þætti.
- 2) Að gera tilraun með að tengja saman skapandi starf í leikskóla og kennslu/nám yngri barna í sérskóla (myndlistaskóla).
- 3) Að opna hug og augu barnanna fyrir daglegu umhverfi sínu og gefa þeim færi á listrænni upplifun í hvunndeginu og auka þar með skilning þeirra á samtímanum.
- 4) Að veita börnum innsýn í skapandi starf myndlistaskóla þar sem unnið er út frá tvívíðri og þrívíðri nálgun viðfangsefnanna.
- 5) Að veita starfsfólki tækifæri til að auka þekkingu sína og færni í skapandi starfi til að auðga starf leikskólans.
- 6) Að þróa kennslu 3-5 ára barna innan Myndlistaskólans í Reykjavík.

### Markmið verkefnisins sem varðar Myndlistaskólann sérstaklega eru:

- a) Að börnum á leikskólastigi og starfsfólki leikskóla sé gefið tækifæri til að kynnast umhverfi og aðferðum myndlistaskóla.
- b) Að miðla aðferðum / sjónarmiðum myndlistarmanna þannig að það örvi og ýti undir slíkt starf innan leikskólans.
- c) Að aðrir nemendur og kennarar Myndlistaskólans kynnist verkum og upplifun leikskóla-barnanna. Allir nemendur skólans vinna að einhverju leiti út frá sömu hugmyndum/ kveikjum (teikningu, litafræði, fomfræði, öðrum listamönnum...) og því er fjölbreytt umhverfi og úrlausnir mikilvægar til að auðga enn frekar hið sjónræna umhverfi sem skólinn státar af.
- d) að þróa kennslu 3ja-5 ára barna innan Myndlistaskólans.
- e) Að skapa vettvang fyrir tilraunir og rannsóknir í kennslu leikskólabarna með þátttöku kjölfestuskóla.
- f) Að stuðla að nýsköpun og þróun verkefna og kennsluefnis fyrir leikskóla.
- g) Að móta vettvang endurmenntunar í skapandi starfi fyrir starfsfólk leikskóla.



## Myndlistaskólinn og möguleikar hans; hin frjóa deigla

### Víxlverkun og áhrifavaldar

Kennsla í Myndlistaskólanum í Reykjavík býður upp á marga möguleika á skörun milli aldurshópa og skólastiga.

Sem dæmi má nefna þrjú verkefni unnin með leikskólabörnum sem einnig hafa verið unnin með nemendum í málara- og teiknideild skólans. Þessi víxlverkun veitir nemendum tækifæri til að leita út fyrir sinn eigin myndheim, læra að meta verk hvers annars og spegla vinnu sína í vinnubrögðum annarra. Eldri nemendur skólans læra ekki síður af þeim yngstu, enda er verkum allra aldurshópa gert jafn hátt undir höfði og þau sýnd á göngum skólans, sem auðveldar kennurum að vísa í þau.



### Teikniblyanturinn og skuggaspil

Kveikjan að þessu verkefni varð til í þróun á verkefnum fyrir leikskólabrennu. Í framhaldi af rannsóknum barnanna á skugganum, teiknuðu þau skugga trjágreina á blað. Greinin varpar skugga á blað og börnin nota blyant til að elta skuggann og veiða blæbrigði hans. Stundum er skugginn alveg að hverfa, stundum er hann afdráttarlaus og kolsvartur; allt fer þetta eftir staðsetningu ljósgjafans. Þegar greinin er tekin í burtu situr teiknaður skugginn eftir á blaðinu, stundum ljós og stundum dökkur, langur eða stuttur.

Fullorðnir nemendur við teiknideild skólans unnu svipað verkefni: Útfærslan var þannig að greinin lá á hvítu blaði og varpaði skugga. Nemendur nota blyantinn til að teikna ofan í skuggann og fylgja eftir skerpu hans og blæbrigðum. Þessi æfing er góð þjálfun í að skoða möguleika blyantsins og hvaða áhrif ljósgjafinn og fjarlægðir hafa á skuggamyndun.

Nemendum voru sýnd verk hvers annars: Yngstu nemendurnir þekktu um leið hvernig fullorðna fólknið hafði unnið sínar myndir og fundu til greinar sem þeim fannst passa við skuggana á myndunum. Þannig var teikningin þeirra sett í stærra samhengi og umræðan um verkin varð líflæg.

### Skuggaspil litanna

Goethe gerði margar tilraunir með litað ljós og skuggana sem birtugjafinn skapar. Uppgötvanir hans eru einn af þáttunum í hreyfimyndagerð í leikskólabrennunni.

Vinnan með með litað ljós er líkust galdri og nemendur eru alltaf jafn hissa á því sem



gerist þegar ljós-litirnir þrír (RGB); rauður, gulur og grænn, verða að hvítu ljósi þegar öllum litunum er beint á sama blettinn á veggnum. Þegar börnin síðan stíga inn í ljósið, verður til mikið og bjart litaspil í skuggunum sem varpast af börnunum á vegginn. Allt er þetta töfrum líkast og ólíkt því sem þau þekkja þegar málningu er blandað saman.

Þetta verkefni er einnig unnið í litufræði-áföngum skólans, bæði í kvöldnáminu og við



fornámsdeild skólans. Þar er RGB ljósblöndun lita kölluð viðlæg litablöndun og lituðu skuggarnir sem myndast eru í andstæðulitum ljósgjafanna. Eldri nemendurnir eru alveg jafn gáttaðir og leikskólabörnin á litablönduninni sem verður til, en þeir skoða þessar tilraunir enn fremur í samhengi við nokkur af grunnhugtökum litafræðinnar.



### Litablöndun, hvert er hægt að toga litinn?

Þriðja verkefnið fjallar líka um liti og litablöndun í málningu, en þessir litir haga sér allt öðruvísi en litaða ljósið. Börnin skoða liti og hlutföll, þau mála á skúlptúra sem þau hafa áður gert. Þau velja minnsta flötinn og mála hann með hreinum lit að eigin vali. Síðan fá þau hvíta málningu og blanda út í litinn og mála stærsta flötinn á skúlptúrnum sínum. Hvernig breyttist liturinn, varð hann dekkri eða ljósari við að vera blandaður hvítu? Þetta er rætt fram og aftur og mikið spád í breytinguna. Nemendur í litafræði vinna verkefni með hliðsjón af birtumagni lita. Þeir mála grátónaskala og stilla við hliðina á honum litaprufum sem eru samsvarandi í ljósmagni við birtutóna grátónaskalans.

Leikskólabörnin skoða þessi verk eldri nemendanna og spá í litina. Þau fá afgang litabúta sem þeir eldri hafa málað í alls konar litum og klippa þá niður og líma á skúlptúrana sína. Þetta gera þau eins og andinn blæs þeim í brjóst, og það er stórkostlegt að sjá hvað litaskyn og vinna þeirra með liti er persónuleg en á sama tíma lýtur hún innri lögmálum hjá hverju og einu, hvað varðar litahlutföll og litaval. Þessi verk barnanna hafa verið tilvalin til þess að skapa umræður í litafræðiáföngum um meðvituð og ómeðvituð vinnubrögð sem og persónulega litanotkun nemenda.

## Leikskólaprenna

### 1. þáttur, kennsla leikskólabarna í Myndlistaskólanum í þremur kennslustundum.

Hér á eftir eru dæmi um kennslustundir en hver kennari litar viðfangsefnið með sínum áherslum og bakgrunni. Verkefnið eru í stöðugri þróun og aldrei alveg eins.

#### Lifandi litir

Nemendur skryðast málaraskikkjum og setjast með kennaranum í hring á gólfíð. Hér ætlum við að æfa okkur að horfa, skoða, hugsa, lita, leika, gera tilraunir og prufa eitthvað nýtt.

Lifandi litir, hvað er nú það? Dettur ykkur eitthvað í hug? Spjall fylgir um liti, málningu, búðir, gamla daga, ömmu og afa, engar búðir og að gera litina sjálf.

Við förum saman í leiðangur um skólann að finna öðruvísi liti. Aðföng úr ísskápnum og búrskápnum sett á gólfíð inn í hringinn okkar.

Þau voru eftir efnum og ástæðum: egg, matarolía, sultur af ýmsum gerðum, íssósus, sojasósa, frosin eða fersk ber, (bláber, sólber, rífsber, krækiber o.fl.) rauðrófusafi, stundum spínat eða hveitigras, turmeric, paprikuduft, tanderikarrý, kakó, jafnvel suðusúkkulaði.

En á hvað málum við? Allir fá sér sæti við langborðið og fá blað. Förum í skynjunarleik, lokum augunum og strjúkum blaðið, hvað finna puttarnir? Hvernig er að koma við það? Hlustum á blaðið, getum við spilað á það? Horfum á það, hvað sjáum við? Börnin fá stækunargler, það geta opnast ævintýraheimar út frá minnstu smáatriðum.





Með hverju málum við? Í Myndlistaskólanum eru margar tegundir af penslum, við skoðum nokkra með mismunandi hári og mismunandi breiða, komum við þá, einn er með mjúkt en úfið úlfaldahár, annar með stingandi svínshár, stutt og flöt, þriðji er með löng og silkimjúk marðarhár. Hvernig ætli þeir máli þessir penslar? Kennarinn býður öllum pensla sem hann heldur að séu búnir til úr hárum úr halanum hennar bókollu.

Nú eru aðföngin okkar sótt, eitt af öðru. Fyrst olían, skoðum lit hennar og notum síðan einn putta til að dífa ofaní og setja olíudropa á blaðið okkar, búum til eyjur, stundum margar. Hvað gerist á blaðinu, sumir sjá í gegn, við förum með blaðið okkar út í glugga til að sjá ljósið skína í gegn.

Nú eru eggjin brotin, Börnin vinna tvö og tvö saman á gólfinu eftir leiðbeiningum. Annað heldur við skál meðan hitt brýtur eggidi. Allir fylgjast spenntir með hvernig til tekst hjá hinum. Þau hjálpast að með skálarnar að borðinu. Penslarnir kanna nú innihaldið, baða sig í egginu og veltast um rannsakandi. Og mála. Kryddið er sótt. Hvert fyrir sig velja börnin krydd til að blanda nýjan lit. Þau fá kúskeljar eins og notað var til litablöndunar í gamla daga, kryddið sett í, þau flytja eggjablönduna úr skálinni með pennslinum og blanda í eftir þörfum, kennarinn gengur á milli og aðstoðar. Vatn er við hendina til að þynna ef þarf. Málað af krafti, nýtt krydd prófað. Skrítin lykt!

Svo koll af kalli tökum við það sem eftir er. Berin lögð á blaðið, sprengd með putta, dregin til með pensli. Rauðrófusafinn smakkaður, bleikar tungur og bláar, teiknað með súkkulaði, blaðið sleikt, málað í gegn og brúnir puttar.

Mikilvægt að nýta hvert tækifæri sem gefst til undrunar og andaktar yfir smávægilegustu blæbrigðum í lit, formum, áferð og aðferðum. Í lokin hjálpast allir að við að ganga frá. Skeljarnar stinga sér ofan í gagnsætt vatnsker öllum til mikillar skemmtunar. Hvernig á myndin að snúa?



### Litaleikhús

Byrjað á að heimsækja myndirnar frá síðasta tíma, getum við lesið þær? Hvað getum við sagt um þær, eru línurnar eða litirnir glaðir, léttir, dimmir, bjartir, þreyttir, hoppaði pensilinn, eða dansaði hann um blaðið, renndi hann sér ef til vill, hvað sjáum við með hjálp ímyndunar-afslins, hvað gæti þetta nú verið? Hver og einn talar um sína mynd, fær hjálp frá hinum jafnvel. Tökum myndirnar niður og setjum á vinnuborðið.



Förum í skynjunarleik, höndum stungið inn í kassa sem ekki er hægt að sjá inn í (getur verið pappakassi með tveimur götum, áfestar ermar innan á þeim), hvað er í kassanum? Skiptast á að koma við og segja frá. Kassinn opnast og trjágrein kemur í ljós. Tengjum við það sem gert var í síðasta tíma. Var þetta stórt tré eða lítið, vantar eitthvað á það, vex eitthvað á því. Byr einhver í því? Allir velja sér grein.

Hvað er það sem eltir okkur allan daginn þegar sólin skín? Einn nefnir geitung og allir hlæja. Ljósinn eru slökkt, gluggarnir eru myrkvaðir, allt er dimmt. Þá rís sólin upp þegar ljósvarpinn reisir upp höfuðið. Börnin skiptast á að skoða skuggann sinn og leika sér að trjágreininni, rifja upp skuggasönginn. Við veltum upp ýmsum spurningum saman. Er skugginn lifandi, hvernig er hann á litinn, er hann fastur við okkur, en ef við hoppum hvað þá, getum við hlaupið á undan honum, hvert fer hann, getum við veitt skuggann og teiknað hann? Gerum tilraun, kveikum ljósið, setjumst í hring á gólfíð með blað á milli okkar og blýant í hendi. Kennarinn lætur trjágrein standa á blaðinu og við skoðum skuggann saman, allir finna einn anga af skugganum og lita inn í hann með býantinum.

Nú snúa allir að myndinni sinni á borðinu. Þar eru lampar. Um leið og loftljósinn eru slökkt kveikja börnin á sinni sól á borðinu. Þau fá mjúkan leir, búa til eyju í kringum trjágreinina sína til að láta hana standa á blaðinu. Hvar er best að koma henni fyrir? Leitum að skugganum og veiðum hann inn á myndina okkar með því að lita inn í hann. Eyjan verður stundum að báti sem siglir á úfnu rauðrófu-hafi milli spínateyja eða eftir bláberjaskurðum frá síðasta tíma. Stundum vaxa leirber á trjágreinina.

Við vekjum ljósvarpann aftur og setjum upp litaleikhús í lok tímans. Helmingur barnanna sest og horfir á meðan hin hjálpast að við að setja upp sýninguna. Plastbox er sett ofan á varpann, vatni hellt smám saman ofan í boxið með skvampi og straumkasti upp á sýningarvegg-

num. Vatnið kyrrist og nú sjúga börnin matarolíudropa upp í dropateljara og láta detta niður í vatnið, dularfullar myndir birtast fyrir framan áhorfendurna. Þá er tekið til við bleklitina, byrjað á dropum af gulu, risastórar undurfagar slæður birtast á veggnum sem breytast í sífellu. Nú bætast rauðir dropar við og bláir, regnbogalitir á stöðugu iði svífa um á veggnum, leikurinn æsist og litirnir drukkna að lokum í svargrænu litamyrkri. Þá er skipt um leikendur og byrjað upp á nýtt.

Í lok tímans eru myndirnar hengdar upp í samráði við og með aðstoð barnanna.

### Hreyfimyndagerð

Hvar eru allir stólarnir og borðin?

Á gólfíð er búið að teikna með límbandi skríttinn kassa með bleikum punkti í miðjunni. Við setjumst í kringum þennann punkt og horfum í kringum okkur.

Þarna stendur myndavél á þrífæti, ljóskastarar, fullt af þeim, tölva á borðinu og hrúga af bananakössum á borðum sem raðað er upp við vegg, pappahólkar, risa plasttrektir, litrík lök og dúkar, lager af garnkeflum í öllum litum, safn af gömlum hlutum s.s. reiðhjólaljörð og fleira. Þarna er líka kassi með vasaljósum. Börnin sækja sér hvert sinn kassa og setjast umsvifalaust í hann. Þeir verða að húsum, skipum, bílum, snjósleðum og mörgu, mörgu fleiru. Við ætlum að gera hreyfimynd í dag. Hvað er nú það.....?

Hafið þið tekið myndir? Í dag ætlum við að taka margar, margar myndir með myndavélinni sem er að horfa á okkur. Eitt og eitt barn kemur að tölvunni og lærir að smella mynd af hin-um. Þegar allir hafa tekið eina mynd koma börnin að tölvunni og við látum hana líma allar myndirnar saman og sýna okkur. Svona getum við gert hreyfimynd!



Leiksvæðið okkar í þessu verkefni er innan límbandsins þar sem við sátum í upphafi, myndavélin sér allt fyrir innan það. Og nú hefst alvöru myndataka. Í fyrstu koma allir í röð við tölvuna. Við byrjum á auðu sviði, tökum fyrst mynd af því. Þegar fyrsta barn hefur smelt mynd, tekur það kassann sinn og stillir honum upp, næsta barnið í röðinni smellir mynd af því og svona gengur þetta koll af kalli. Smám saman raða þau upp sameiginlegri kassabyggð og þrjóna við hana alls kyns munum úr dótasafninu. Þau fara oft tvö og tvö, jafnvel fleiri saman í senn í byggingarstarfið, milli þess sem þau smella myndum af ferlinu.



Þegar byggðin rís taka þau eftir að önnur borg myndast á bak við þeirra. Sterkar skugga-myndir varpast á vegginn vegna ljóskastaranna sem lýsa upp sviðið. Þegar uppbyggingu er lokið að mestu taka við tilraunir í lýsingu. Slökkt er á hvítu kösturinum og rautt ljós prufað, veitum skuggunum sem myndast þá athygli og lit þeirra. Slökkvum og kveikjum þá grænt, og svo blátt. Að lokum er kveikt á öllum litum saman (RGB skalinn). Á þessu stigi eru aðal-töfrarnir fólgirnir í því að ganga inn í litabaðið og upplifa sinn eigin skugga með því að ganga nær og fjær veggnum og sjá þá litagaldra sem þar birtast. Vasaljósinn koma við sögu og bregða upp ævintýraljóma á upplifun barnanna og rými sviðsmyndarinnar.

Það er ekki síður gaman að taka allt niður í lokin og það verður hluti af myndinni. Kastarar fara í gang aftur og skuggaleikurinn heldur áfram allt til enda.

Í ljósahlutanum tekur leikurinn völdin og kennari sér um að ljúka myndatökunni.

## 2. þáttur. Endurmenntunardagur í Myndlistaskólanum í Reykjavík.

Námskeiðsdeginum var skipt í tvo hluta; efni og tilraunir/hreyfimyndagerð

Í fyrri hlutanum, alls konar efni og ýmsar tilraunir, var kynning á fjölbreyttu efni sem nota má í myndlistarvinnu með börnunum og gerðar tilraunir með þau. Tekin voru dæmi um verkefni sem unnin hafa verið í Myndlistaskólanum með börnum á leikskólaaldri og eins var rætt hvernig ólíklegustu hlutir geta verið kveikjur að verkefnum og efnisnotkun.

Í síðari hlutanum, hreyfimyndagerðinni, var kennt á forritið Stop Motion Pro, skoðuð dæmi um mismunandi aðferðir í hreyfimyndagerð og tilraunir gerðar. í framhaldinu var farið í tækniatriði við hreyfimyndagerðina og frágang myndanna í Movie Maker. Einnig var farið yfir hvernig koma má myndum á netið.

*(Sjá nánar um þennan þátt í fylgiskjöllum A)*

## 3. þáttur. Heimsókn í leikskólana, samráð um viðfangsefni og inntak.

### Heimsókn á Laufásborg

Þegar kom að eftirfylgniheimsókninni á Laufásborg, óskaði leikskólinn eftir því að fá kennara Myndlistaskólans til að vinna með þeim verkefni tengdu hönnun útivistarsvæðis, en skólinn var að fara í víðfeðma endurskipulaginu leikskólalóðarinnar.

Sigríður Helga fór og heimsótti skólann og hitti kennara og starfsfólk skólans í lok dags. Hún byrjaði á stuttum fyrirlestri sem fjallaði meðal annars um listsköpun utanhúss, úti-kennslu og einnig um útivistarsvæði Villetta leikskólans á Ítalíu þar sem hönnun lóðarinnar var leidd áfram af börnunum sem hann sóttu. Þar hönnuðu börnin m.a. skemmtigarð fyrir fugla og ótal vatnsvirki og gosbrunna tengdu því. Í seinni hluta tímans leiddi Sigríður þankahrið (brainstorming) tengda útivistarsvæðinu. Til að losa um fóru allir í stuttan leik og svo voru reglur þankahriðarinnar kynntar en þær eru; allar hugmyndir er góðar hugmyndir, og bannað er að vera með aðfinnslur eða finna bilbugi á hugmyndum á þessu stigi málsins. Rúllað var út stóru blaði og sat hópurinn í hring á gólfinu og vann saman að því að skrá hugmyndirnar niður á blaðið. Hugmyndavinnan í þessari þankahrið gekk út á að kafa djúpt í eigin bernskuminningar og rifja upp hvað það hefði verið sem okkur þótti skemmtilegast að

gera eða leika úti þegar við vorum lítil. Ótal minningar brutust upp og allt var skráð. Flestum kom á óvart hversu hættulegt umhverfi þeirra hafði verið miðað við daginn í dag og hve einfaldir hlutir eins og að vaða í pollum og sveifla sér í köðlum höfðu verðið krassandi. Blaðrenningur þessi með öllum hugmyndum og minningunum var síðan hengdur upp á vegg og hafður til hliðsjónar þegar kom að frekari hönnun útivistasvæðisins.

### Heimsókn á Njálshorg og Furuborg

Leikskólarnir Njálshorg og Furuborg báðu um tvenns konar ráðgjöf; annars vegar varðandi skólahúsnæðið og nýtingu á rými og umhverfi til myndlistarvinnu og hins vegar aðstoð við að setja upp vinnu með verðlaus efni.

Ráðgjöfin fólst ekki í því að koma með tilbúna lausnir, heldur var viðfangsefnið rætt og skoðaðar leiðir sem hægt væri að fara. Litið var til reynslunnar af vinnunni í Myndlistaskólanum, hvað varðar hugmyndir, efni og aðstöðu. Bækur og greinar voru einnig skoðaðar, ef við átti.

Furuborg óskaði eftir aðstoð við að setja upp vinnu með verðlaus efni. Skoðaðar voru bækur frá bókasafni Myndlistaskólans sem sýna ýmsar flokkunarleiðir til að auðvelda vinnu og aðkomu barnanna að efninu. Ræddir voru úvinnslumöguleikar, kveikjur að verkefnum og ekki síst leiðir til að virkja foreldra barnanna og hvernig best væri að kynna verkefnið fyrir þeim á jákvæðan og skapandi hátt.

Njálshorg hafði áhuga á að skoða betri nýtingu á rými leikskólans til myndlistarvinnu. Aðstæður voru skoðaðar og velt fyrir sér hvaða leiðir væru færar í að gera breytingar. Það þarf stundum ekki mikið til að lagfæra vinnuaðstöðu. Oft á tíðum þarf einungis að styðja starfsfólkið í að láta verða af hugmyndum sínum, hugmyndum sem oft hafa lengi blundað, en þurfa utanaðkomandi hvatningu. Benda þarf á leiðir til að hrinda þeim í framkvæmd. Í tengslum við þetta fléttast svo umræður um þau myndlistarverkefni sem leikskólinn hefur áhuga á að vinna að og leiðir til að þróa þau áfram. Það var Eygló Harðardóttir sem veitti þeim ráðgjöf.


## Dæmi um verkefni í þróun með kjölfestuskólum

### Teikning í rými

Við komum inn í kennslustofuna þar sem búið er að færa öll borðin til hliðar og búa til rjóður í miðjunni. Í rjóðrinu eru kefli með snæri í öllum regnbogans litum raðað í hring. Allir velja sér snæri, setjast niður og passa það vel.



Við tölum um ferðalagið frá leikskólanum í Myndlistaskólann. Komuð þið labbandi? Í strætó? Munið þið leiðina sem þið fóruð? Fóuð þið framhjá ....? Við hliðina á....? Fóruð þið yfir götu? (stundum berst talið að Hans og Grétu og brauðmolunum).

Í dag ætlum við að fara í ferðalag um stofuna okkar. En til þess að vita nákvæmlega hvaða leið við veljum okkur ætlum við að fara í smá leik. Nokkrir duglegir strákar eru samtundis staddir á rúmsjó og taka á sig mynd hákarls, kafbáta og togara. Við slökkvum ljósin og leikurinn hefst. Allir grúfa nema einn, sumir telja, jafnvel út í hið óendanlega þegar við verðum uppiskroppa með tölur sem við þekkjum. Sá sem ekki grúfir bindur snærið utan um sig og arkar af stað í ferðalag um herbergið með aðstoð kennara sem leysa úr flækjum og hvetja ferðalanginn áfram. “Ætlarðu undir borðið?” “Í kringum ruslafötuna?” Þegar ferðalaginu er lokið sest ferðalangurinn aftur á sinn stað. Hinir opna augun og sjá þá hvernig



snærið hlykkjast um alla stofuna. Allir rísa á fætur og við förum í röð á eftir ferðalangnum sem fær vasaljós til að lýsa upp leiðina sem hann fór. Við lýsum því sem fyrir augu ber. Förum sömu leið, endum í hringnum á gólfinu og grúfum svo næsti ferðalangur geti lagt af stað. Og þannig koll af kolli þar til allir hafa farið í sína leið.

Þá kveikjum við ljósin og við okkur blasir ein risastór snæraflækja sem hlykkjast um alla hluti í stofunni. Kennarinn tekur utan um snærin á völdum stoðum. Hver labbaði hér? Á snærunum sjáum við nákvæmlega hverjir hafa gengið hvar, sumir jafnvel tvisvar. Kennarinn bendir á þá staði sem flestir hafa gengið um og þar sem aðeins einn hefur lagt leið sína.



Þá tókum við fram gamalt verkefni (t.d. stórt blað sem áður hefur verið unnið á abstrakt vatnslitamynd) eða nýtt blað. Blaðinu er umsvifalaust breytt í kort af stofunni. Börnin fá klessuliti eða stórann blýant og sumir teikna kennileiti á kortið sitt, aðrir fá kubba hjá kennaranum sem tákna borð, stóla, ruslafötu og aðra hluti sem höfðu áhrif á ferðalagið. Nú velja allir sér klessuliti eða krítar sem eru eins á litin og snærin þeirra. Nú fara litirnir í ferðalag um kortið. Muna þau hvaða leið þau fóru? Sumir fara og rifja upp með því að ganga aftur leiðina sína.

Að lokum skoðum við teikningarnar okkar (og jafnvel önnur teikniverkefni í skólanum) og komumst að því að þegar maður teiknar fer liturinn alltaf í ferðalag um blaðið.

## Litahringur – Búum til regnboga

### 1. tími

Í dag ætlum við að búa til okkar eigin regnboga. Hvernig er regnboginn á litinn? Allir rifja upp sönginn um litina á meðan við klæðum okkur í kyrtlana, sem einu sinni voru hvítar spariskyrtur mömmu og pabba. Borðið sem við ætlum að vinna við er allt hvítt. Það er búið að klæða það með með vatnslitapappír eða öðrum álíka “þyrstum” pappír. Við röðum okkur í kringum borðið og allir standa.

Þá tókum við eftir því að skyrturnar okkar eru alls ekki hvítar. Heldur í öllum regnbogans litum af því að þær hafa verið notaðar svo lengi í Myndlistaskólanum. Á hvítu borðinu er alls kyns hvítur efniviður. Þykkir vatnslitapappírstrimlar, svampar, sykurmolar, tuskur og hvítt snæri. En þegar við horfum betur með augunum sjáum við blæbrigðamun á hvítu litunum. Svampurinn er ekki lengur hvítur, heldur grænn, og sykurmollinn er gulur. Samt er þetta allt hvítt...? Við leggjum efniviðinn til hliðar og beinum athyglinni að glerkrukkurhringnum sem stendur á miðju borðinu. Þar eru 13 litlar glerkrukkur sem hringa sig um þrjár háar krukkur. Í háu krukunum eru bleklitir. Gulur, blár og rauður, (örlítið vatnsþynntir), og við þekkjum þá strax! Kennarinn talar um að þetta séu grunnlitir. Þá er ekki hægt að búa til úr öðrum litum en úr þeim ætlum við að búa til alla liti sem okkur dettur í hug – heilann regnboga!





Nú hefst litablöndunin. Þá fær einn nemandi gulu krukkuna í hendurnar og næsti við hliðina fær þá rauðu. Í krukkunum eru dropateljarar, einn í hverri krukku. Krakkarnir æfa sig að nota dropateljarana, kreista og sleppa til skiptis. Þá taka þau glæru glerkrukkuna sem stendur á milli gula og rauða. Sá guli fær að byrja og krakkarnir fylgjast agndofa með. Kreista já, og færa yfir í litlu krukkuna, og sleppa! Þetta tókst vel. Rauði fær þá að spreyta sig, og kreistir, en úps það verður smá slys. Það frussast rautt blek á borðið, en það er allt í lagi því “þyrsti” vatnslitapappírinn sýgur það upp. Slettan er umsvifalaust skýrð í höfuðið á geranda sínum. “Brekaslys”, “Helguskvetta”, “Héðinsvatn”. Krakkarnir spá fyrir um hvaða litur muni birtast. Appelsínugulur á vinninginn. Og viti menn, appelsínuglur birtist. Kennarinn talar um hlutföll og að oft þurfi minn af dökkum lit en ljósum þegar maður blandar. Þá dregur gulur



sig í hlé, rauður heldur áfram og blár blandar sér í málið. Þá skal blanda saman rauðum og bláum úr verður SVART! Við hristum krukkuna og sjáum þá glitta í fjólubláa tóna. Svona heldur þetta áfram allan hringinn þar til við erum orðin ansi sleip með dropateljarana og einnig mjög sannspá. Í lokinn blöndum við grunnlitunum þremur í eina krukku í miðjuna og sjáum hvaða litur birtist....

Þá er R E G N B O G I N N okkar tilbúinn!

Nú fá allir að blanda sinn eigin lit í aðeins stærri krukku. Það má velja tvo liti úr hringnum og blanda svolitlu af þeim saman í sína krukku. Það sula allir aðeins úr krukkunum svo það myndast regnbogapollar á borðið þar sem krukkurnar standa. Þá getum við séð hvar og hvernig hringurinn var. Svo tekur hver og einn eina krukku og við röðum þeim upp í réttri röð í gluggakistunni. Krakkarnir finna sínum sérlitum einnig pláss í regnbognum. Þá náum við í hvíta efniviðinn og skoðum hann gaumgæfilega. Kennarinn talar um að þetta sé allt mjög þyrstur efniviður. Tuskan (við notum hana til að þurrka upp sull heima!), svampurinn, sykurmolinn og jafnvel snærið. Þá þyrstir í liti og þá þyrstir í vatn. Krakkarnir fá líka nokkrar teygjur. Við notum snærið og teygjurnar til að binda og vefja um tuskuna og svampinn, hvort í sínu lagi. Þá myndast hvítir boltar, pakkar mýs ofl. Við náum okkur í litla glæra bakka sem við fyllum af vatni og allir fá að setja nokkra dropa af grunnlitunum í vatnið, sem breytist í töfrandi regnbogasundlaug fyrir þyrstu hvítu hlutina okkar. Þá leggjum við tuskuna, svampinn og sykurmolana ofan í. Þeim þarf svo að bjarga upp á þurrt land, t.d. ofan á svampinn, svo þeir drukkni ekki. Við horfum hugfangin á hvernig þeir drekka í sig regnbogavatnið og prófum að stimpla með svampinum á borðið.

## 2. Tími - Andstæðuskúlptúr

Við byrjum á því að skoða borðið frá því í síðasta tíma. Það er ekki lengur hvítt heldur fullt af litum. Hvað olli þessum bletti? Hvar stimplaði ég með svampinum mínum? Hvar er regnboginn okkar? Við náum í regnbogann og röðum honum upp í hring. Við skoðum hvernig það hafa myndast línur í krukkunum eftir blekið og hvernig yfirborð litarins hefur lækkað á einni viku. Þá tókum fram glæru bakkana, sem við notuðum síðast. Sjáum hvernig tuskan og svampurinn hafa tekið við litnum og döknað. Og jafnvel harðnað. Sumir taka bandið og teygjurnar af og sjá hvernig för hafa myndast. Við litgreinum hvern hlut fyrir sig. “Minn er gulur og grænn!” “Minn er rauður!”

Við tölum um heita og kalda liti og horfum aftur á litahringinn. Krakkarnir finna þann lit sem er líkastur svampinum þeirra. En hver er andstæðulitur hans? Við tölum um andstæður. Krakkarnir muna eftir mörgum andltæðum: stórt/lítið, kalt/heitt, feitur/mjór osfrv. Þá skoðum við litahringinn. Andstæðulitirnir eru nefnilega beint á móti hvorum öðrum! Þá fer sá rauði í labbitúr. Gengur beint af augum og hvern hittir hann? Grænan! Þetta er endurtekið þar til allir vita hver er andstæðulitur svampsins þeirra. Þá finnum við til alls kyns fundið efni og hver og einn velur sér nokkra “andstæða” hluti til að festa á listaverkin sín. Sumir kroppa holur í svampinn fyrir andstæðuhlutina og festa þá þannig. Þá spreytum við okkur á því að blanda andstæðulitinn með málningu og málum eina hliðina á skúlptúrnum. Hvar eiga sykurmolarnir og tuskan að vera? Hlutirnir taka á sig ýmsar myndir en þegar allir hafa lokið við að setja þá saman förum við í ferðalag um skólann með skúlptúrana og finnum þeim stað sem hentar þeim. T.d. fer vel um bláan og appelsínugulan skúlptúr í ávaxtaskálinn við hliðina á appelsínunum. Rauður skúlptúr hreiðrar um sig fyrir ofan eldvarnartækið og enn annar laumar sér inn á milli litskrúðugra bóka á bókasafninu...

# Fylgiskjöl A

**Námsgögn frá endurmenntunardegi**

# Fylgiskjöl B

**Mat á verkefninu**